

FYLGISKJAL NR. 1032

DAGS 05.10.2004

SAMANTEKT:

123. fundur skipulags- og byggingarnefndar (Haraldur Sverrisson, Erlendur Fjelsted, Gylfi Guðjónsson, Sigurður Kristjánsson, Ólafur Gunnarsson og byggingarfulltrúinn Ásbjörn Þorvarðarson og Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur sátu fundinn).

6. mál á dagskrá var deiliskipulag íbúðarsvæðis á landi Hamrafells, Hulduhóla og Láguhlíðar. Um var að ræða framhaldsumræðu. Kynnt var umsögn skipulagshöfundar um athugasemdir sem fram komu á kynningartíma.

Sagt að Haraldur Sverrisson og Gylfi Guðjónsson (arkitekt sem vann skipulagshugmyndir fyrir Leirvogstungu og kynnti á þessum sama fundi) hafi vikið af fundi fyrir þennan dagskrárlíð.

Niðurstað: Nefndin samþykkir umsögn skipulagshöfundar og felur bæjarverkfræðingi að svara öðrum athugasemdum í samræmi við umræður á fundinum.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt með áorðnum breytingum og send Skipulagsstofnun í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 123
Dags. 5. Október 2004

123. fundur
skipulags- og byggingarnefndar
var haldinn í fundarsalnum
á 4. hæð að Þverholti 2, þriðjudagin
05. október 2004 og hófst hann kl. 7:3

(28)

Fundinn sátu: Haraldur Sverrisson, Erlendur Fjeldsted, Gylfi Guðjónsson, Sigurður Kristjánsson, Ólafur Gunnarsson, Ásbjörn Þorvarðarson byggingarfulltrúi og Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

Fundargerð ritaði: Tryggvi Jónsson, bæjarverkfræðingur.

1.mál: **Deiliskipulag Leirvogstungu.**

Bjarni Guðmundsson landeigandi, Gylfi Guðjónsson arkitekt og Garðar Garðarsson lögfræðingur kynntu skipulagshugmyndir sínar. Hugmyndirnar gera ráð fyrir því að aðalskipulaginu verði breytt úr landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði. Gert er ráð fyrir láreistri byggð með 300 -350 íbúðum á landinu og uppyggingartími 5-7 ár.

Kynntar voru hugmyndir.

2. mál: **Erindi Hestamannafélagsins Harðar, dags. 23. júní 2004, varðandi reiðhöll í Mosfellsbæ..**

Visun frá bæjarráði, fundi nr. 672. Framhaldsumræða. Reynir Vilhjálmsson, landslagsarkitekt kynnti frumhugmynd, dags. í sept. 2004 að breytta skipulagi á svæðinu sem gerir ráð fyrir reiðhöll en fallið er frá frekari hesthúsabyggð til vesturs.

Lagt fram til kynningar.

3. mál: **Breyting á deiliskipulagi frístundarsvæðis við Hamrabrekkur í landi Miðdals í Mosfellsbæ.**

Framhaldsumræða. Lagðar voru fram athugasemdir eigenda landsins, dags. 26.09.2004 við athugsemduum sem bárust á kynningartíma. Kynnt var greinargerð frá bæjarlögmanni, dags. 4.10.2004.

Umræðu frestað.

4. mál: **Grenndarkynning vegna Hagalands 4 og 4a.**

Kynningu er lokið og engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að byggingarfulltrúa verði falið að ganga frá málínú í samræmi við 7. mgr. 43 gr. skipulags- og byggingarlaga þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

5. mál: **Grenndarkynning vegna Tröllateigs 7-15.**

Kynningu er lokið og engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að byggingarfulltrúa verði falið að ganga frá málínú í samræmi við 7. mgr. 43 gr. skipulags- og byggingarlaga þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Haraldur Sverrisson og Gylfi Guðjónsson véku af fundi eftir þennan lið.

6.mál: **Deiliskipulag íbúðarsvæðis á landi Hamrafells, Hulduhóla og Láguhlíðar.**

Framhaldsumræða. Umsögn skipulagshöfundar um athugasemdir sem fram kom á kynningartíma var kynnt.

Nefndin samþykkir umsögn skipulagshöfundar og felur bæjarverkfræðingi að svara öðrum athugasemdum í samræmi við umræður á fundinum.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deilskipulagstillagan verði samþykkt með áornum breytingum og send Skipulagsstofnun í samræmi við 25 gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. mál:

Breyting á aðkomu að Skáltúni og Hlíðartúnshverfi.

Erindi frá Vegerðinni, dags. 30.09.2004 um breytingu á gatnamótum við Vesturlandsveg. Óheimilt verður að taka vinstri beygju inn á Vesturlandsveg frá Hlíðartúnshverfi og Skátúni.

Nefndin leggur til að ekki verði farið í farmkvæmdir fyrr en breytingarnar hafi verði kynntar íbúum og fyrirtækjum bréflega.

8.mál:

Blikastaðir 2.

Gæðakokka ehf, dags. 17.09.2004, óska eftir stöðuleyfi fyrir gáma.

Frestað.

9. mál:

Óleyfisbygging í landi Höfða í Skammadal.,

Framhaldsumræða.

Frestað.

10.mál:

Reykjabyggð 40-42.

Beiðni um skiptingu lóðar og aðkoma að lóðunum og lóðinni Reykjabyggð 38 verði eign Mosfellsbæjar.

Frestað.

11. mál:

Klapparhlíð 38.

Fyrirspurn frá ÍAV, dags. 16.9.2004 þar sem óskað eftir því að fella niður bílskúr og koma þar fyrir íverurýmum.

Frestað.

12. mál:

Erindi frá Bæjardekkji vegna athugsemda byggingarfulltrúa.

Erindið er dags. 29.09.2004, þar sem ítrekuð er lóðarumsókn og óska eftir óbreyttri notkun á svæðinu.

Frestað

13.mál:

78. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa.

Lagt fram.

14. mál:

Önnur mál.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 09.30

